

L Ö G

41

30. júní

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „6 þúsund“ í síðustu málgr. 9. gr. laganna komi: 9000.

2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að álitu hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á og hún öll sam-mála. Samþykki ráðherra þarf þó til þess í hvert skipti.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundraðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruaf-la, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en $\frac{1}{3}$ af kostnaðarverði hússins, nema alveg sérstaklega standi á og ráðherra veiti samþykki sitt í hvert skipti, og þó ekki lengur en byggingar-kostnaður er meira en þrefaldur miðað við 1939.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingar-kostnaðinn.

3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.